

REGLUR

UM RÁÐSTAFANIR GEGN HAGSMUNAÁREKSTRUM

Reglur þessar eru settar af stjórn Arctica Finance hf. („Arctica“) á grundvelli 4. mgr. 10. gr., 2. mgr. 21. gr. og 32. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, („MFL“) og með vísan til 33. og 34. gr. reglugerðar ESB nr. 2017/565,¹ og viðmiðunarreglna evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti nr. EBA/GL/2021/14 („Viðmiðunarreglur EBA“).²

1 Stefna og gildissvið

- 1.1 Stefna stjórnar er að koma á, innleiða og viðhalda skilvirkum reglum um hagsmunaárekstra í samræmi við stærð og skipulag félagsins og eðli, umfang og flækjustig starfseminnar. Í þeim kemur fram greining á þeim aðstæðum sem valda eða kunna að valda hagsmunaárekstrum sem fela í sér hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist, auk þess að tilgreina verklag sem fylgja skal og ráðstafanir sem grípa skal til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða takast á við slíka árekstra.
- 1.2 Stefna stjórnar Arctica er að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra, þannig að það stuðli að heilindum markaðarins og hagsmunum viðskiptavina.³ Með því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra er jafnframt miðað að því að auka trúverðugleika Arctica. Stjórn Arctica hefur m.a. í þessu skyni samþykkt ýmsar innri reglur og stefnur sem í eðli sínu fela í sér ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.⁴
- 1.3 Arctica ber að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.⁵ Þegar hagsmunárekstrar eru til staðar ber Arctica að viðhafa skilvirkt verklag til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Arctica.⁶
- 1.4 Reglur þessar gilda fyrir alla starfsmenn Arctica.
- 1.5 Með „hagsmunaárekstrum“ í reglum þessum er átt við atvik eða aðstæður sem hugsanlega geta komið upp þegar Arctica þjónar hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og er í aðstöðu til þess að láta einn aðila í betri stöðu á kostnað annars aðila. Hagsmunaárekstrar sem falla undir skilgreiningu þessa geta verið á milli:⁷
 - a Arctica sjálfs, þar með talið á milli tengdra aðila,⁸ annars vegar og viðskiptavina Arctica hins vegar.
 - b Viðskiptavina Arctica innbyrðis.

¹ Sjá 3. mgr. 32. gr. MFL.

² Sjá liði 96 - 97 í Viðmiðunarreglum EBA.

³ Sjá 4. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 21. gr. MFL, sem og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

⁴ T.d. starfsreglur stjórnar, reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna og reglur um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri.

⁵ Sjá 1. mgr. 32. gr. MFL.

⁶ Sjá liði 96 - 97 í Viðmiðunarreglum EBA.

⁷ Sjá 1. mgr. 32. gr. MFL.

⁸ Með tengdum aðilum er átt við starfsmenn Arctica, einkaumboðsmenn og aðila sem eru tengdir Arctica vegna yfirráða, sbr. 1. mgr. 32. gr. MFL og skilgreiningu í 22. tölul. 1. mgr. 1. gr. a. laga nr. 161/2002. Dótturfélag Arctica, A/F Rekstraraðili ehf., telst m.a. til tengdra aðila.

2 Greining hagsmunaárekstra

2.1 Starfsemi Arctica getur hugsanlega skapað hagsmunaárekstra, t.d. með eftirfarandi hætti:⁹

- a Eigin viðskipti Arctica eða tengdra aðila á sama tíma og viðskiptavinir óska eftir viðskiptum með sömu fjármálagerninga, t.d. ef viðskipti lúta að fjármálagerningi sem takmarkað framboð er af.
- b Arctica mælir með eða selur fjármálaafurð sem útgefin er af því sjálfu, þegar það veitir viðskiptavinum fjárfestingarráðgjöf eða fyrirtækjaráðgjöf.
- c Fyrirtækjaráðgjöf Arctica kann að vera samningsbundin við tiltekið fyrirtæki, en verðbréfamiðlun Arctica samtímis að miðla hlutabréfum þess. Hvor deild um sig er þá skuldbundin til að hafa hagsmuni síns viðskiptavinar í fyrirrúmi.
- d Arctica kann að eiga hluti í félagi, sem það veitir fyrirtækjaráðgjöf, eða veitir fjárfestingarráðgjöf um til viðskiptavina, eða sem Arctica miðlar hlutabréfum í fyrir aðra viðskiptavini. Verið getur að starfsmönnum Arctica, sem annast framangreinda þjónustu, sé ókunnugt um að Arctica eigi aðra hagsmuni tengda hlutabréfum í viðkomandi fyrirtæki.
- e Arctica eða tengdir aðilar hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta af niðurstöðu þjónustu sem viðskiptavini er veitt, eða af niðurstöðu viðskipta sem gerð eru fyrir hönd viðskiptavinar.
- f Arctica framkvæmir fjárfestingar- eða fjármálagreiningar í tengslum við lögaðila sem það veitir einnig fjárfestingar- eða fyrirtækjaráðgjöf.
- g Arctica eða tengdir aðilar fá gjafir eða boðsferð, umfram það sem eðlilegt getur talist, sem gætu haft áhrif á störf þeirra með þeim hætti að andstætt sé hagsmunum viðskiptavina þeirra.

3 Meðhöndlun hagsmunaárekstra

3.1 Arctica gerir m.a. eftirfarandi ráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og í sumum tilvikum gilda sérstakar reglur eða stefnur sem settar hafa verið af Arctica:¹⁰

- a Til að koma í veg fyrir ótakmarkað upplýsingaflæði á milli aðila, s.s. milli mismunandi starfssviða, er með huglægum og efnislegum aðskilnaði (kínamúrum) aðgangur að trúnaðarupplýsingum takmarkaður við þá aðila sem hafa raunverulega þörf fyrir slíkar upplýsingar og í samræmi við hagsmuni viðkomandi viðskiptavinar eða Arctica sjálfs. Í þessu skyni gilda sérstakar reglur sem settar hafa verið af Arctica.
- b Starfsmönnum Arctica er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning án fyrirfram skriflegrar heimildar regluvörslu Arctica, nema í fyrirfram skilgreindum tilvikum, sbr. reglur stjórnar Arctica um verðbréfavíðskipti starfsmanna.
- c Starfsmönnum Arctica er óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning á undan viðskiptavini ef áður hefur borist beiðni um viðskipti af hálfu viðskiptavinar, sbr. reglur stjórnar Arctica um verðbréfavíðskipti starfsmanna.
- d Engin bein tengsl skulu vera á milli þóknunar starfsmanna Arctica sem annast fyrst og fremst eitt verksvið og þóknunar annarra starfsmanna Arctica sem annast fyrst og fremst önnur verksvið, eða tekna sem þeir skapa, ef til hagsmunaárekstra gæti komið í tengslum við þessi verksvið.
- e Eftir því sem við á eru samþykktir viðeigandi verkferlar, er stuðla að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, lágmarki hugsanlega skaða af hagsmunaárekstrum eða veita leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við hagsmunaárekstrum, hvort sem litið er til

⁹ Sjá lið 101 í Viðmiðunarreglum EBA.

¹⁰ Sjá liði 98 - 99 og 105 í Viðmiðunarreglum EBA.

atvika innan sömu deildar eða á milli mismunandi deilda Arctica.

- f Tekið er á gjöfum, boðsferðum og þóknunum við veitingu þjónustu í greinum 5 og 6.
 - g Gögn um þjónustu og viðbrögð af hálfu Arctica eru varðveitt í tilvikum er til hagsmunaárekstra kemur, sbr. grein 4.3.
 - h Stjórn Arctica hefur sett sér ýmsar reglur til að taka á hugsanlegum hagsmunaárekstrum, samanber grein 1.2.
 - i Arctica getur vikið tengdum aðilum burt frá tilteknum viðskiptum eða meðhöndlun hagsmunaárekstra enda geti þátttaka þeirra, í viðkomandi viðskiptum eða við meðhöndlun hagsmunaárekstra, leitt til hagsmunaárekstra.
- 3.2 Þegar ráðstafanir samkvæmt grein 3.1 veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hættu á hagsmunaárekstrum verði afstýrt skal, áður en þjónusta er veitt, upplýsa viðskiptavin skýrt um almennt eðli og/eða ástæður hagsmunaárekstranna og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr hættunni, með það að markmiði að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á hagsmuni viðskiptavina og til að tryggja sanngjarna meðhöndlun.¹¹ Upplýsingarnar skulu veittar á varanlegum miðli og vera nægilega ítarlegar, með hliðsjón af því hvers konar viðskiptavin um ræðir, til að gera honum kleift að taka upplýsta ákvörðun að því er varðar þá þjónustu sem hagsmunaáreksturinn tengist.¹²

4 Upplýsingagjöf um hagsmunaárekstra

- 4.1 Ef Arctica telur ráðstafanir sínar til að bregðast við helstu hagsmunaárekstrum ófullnægjandi skal Arctica veita viðskiptavinum upplýsingar með skýrum og ótvíræðum hætti um eðli og orsök hugsanlegra hagsmunaárekstra áður en til viðskipta milli aðila er stofnað. Skal Arctica senda viðskiptavini skriflega tilkynningu og skulu upplýsingarnar vera nægilega ítarlegar, með hliðsjón af því um hvern ræðir, til að gera viðkomandi kleift að taka upplýsta ákvörðun að því er varðar þá þjónustu sem hagsmunaárekstur tengist, sem og leita samþykkis hans fyrir því að Arctica haldi áfram að veita tiltekna þjónustu þrátt fyrir slíka hugsanlega hagsmunaárekstra.
- 4.2 Ef til hagsmunaárekstra kemur skal Arctica upplýsa viðkomandi viðskiptavin um þá þannig að viðskiptavinurinn geti tekið upplýsta ákvörðun um áframhald viðkomandi viðskipta og gera þær ráðstafanir sem raunhæfar kunna að teljast til þess að tryggja að viðskiptavinurinn hljóti ekki skaða af slíkum hagsmunaárekstrum. Arctica er þó ekki skylt að upplýsa um umfang slíkra hagsmuna né um tekjur eða ágóða sem tengjast slíkum hagsmunum eða skyldum, enda kann Arctica að vera óheimilt að greina frá slíkum upplýsingum á grundvelli ákvæða um þagnarskyldu.
- 4.3 Regluvarsla skal halda skrá yfir þau tilvik þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur í starfsemi Arctica, sem hefur í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist, eða muni skaðast í þeim tilvikum þar sem þjónusta er viðvarandi og slíkt getur átt sér stað. Skráin skal innihalda upplýsingar um hvaða viðskiptavinir áttu í hlut, hvaða viðskipti var um að ræða og tegundir viðkomandi fjármálagerninga og viðskiptafærslna. Skráin skal reglulega uppfærð eftir því sem tilefni er til.¹³

5 Gjafir og boðsferðir frá utanaðkomandi aðilum

Gjafir

- 5.1 Starfsmönnum er óheimilt án samþykkis framkvæmdastjóra (stjórn ef um framkvæmdastjóra er að ræða) að taka við gjöfum frá viðskiptavinum eða væntum viðskiptavinum séu þær svo fjárhagslega verðmætar að teljast vera óhóflegar. Hér undir falla ekki tækifærisgjafir sem tíðkast

¹¹ Sjá 1. mgr. 32. gr. MFL.

¹² Sjá grein 4 í reglum þessum, sem og til hliðsjónar 2. mgr. 32. gr. MFL og lið 97 í Viðmiðunarreglum EBA.

¹³ Sjá liði 108 - 109 í Viðmiðunarreglum EBA.

almennt eða ef um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til raunverulegra eða hugsanlegra viðskipta við Arctica. Séu starfsmenn í vafa um hvort því sé heimilt að þiggja gjöf skal leita álits framkvæmdastjóra eða regluvarðar og hlíta ákvörðun þeirra. Þiggi starfsmaður oft gjafir undir framangreindum fjárhæðarmörkum frá sama aðila sem hann telur til þess fallin að draga megi hlutleysi hans í efa skal hann upplýsa framkvæmdastjóra eða regluvörð þar um. Framkvæmdastjóri getur farið fram á að gjöfum sem starfsmenn þiggja í ósamræmi við þessa grein sé skilað, að starfsmaður endurgreiði allan kostnað eða að gjöfin sé gefin til góðgerðamála.

- 5.2 Þegar Arctica gefur viðskiptavinum eða væntum viðskiptavinum gjafir skal hugað að því að gæta hófs og skulu gjafir vera í eðlilegu samræmi við eðli og umfang viðskiptasambands. Með gjöfum er ekki átt við persónulegar tækifærisgjafir, sem gefnar eru óháð samskiptum við Arctica.

Boðsferðir

- 5.3 Starfsmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir frá viðskiptavinum eða væntum viðskiptavinum. Með boðsferðum er t.d. átt við viðburði og ferðalög, bæði innanlands og utan, sem greitt er fyrir af öðrum en þeim sem þiggur eða nýtur.¹⁴ Undanþegin eru boð á viðburði,¹⁵ þar sem kostnaður er talinn vera ekki óhóflegur og í samræmi við eðli viðskiptasambands. Undanþegnar eru einnig þær ferðir sem telja má að hafi upplýsingagildi fyrir Arctica, geri starfsmenn hæfari í starfi eða eru nauðsynlegar til að þróa eða viðhalda viðskiptasambandi. Í þessum tilvikum skulu viðkomandi yfirmaður og regluvörður meta hvort svo sé. Eftir atvikum skal Arctica greiða fyrir slíkar ferðir sem hafa verið heimilaðar nema annað sé sérstaklega ákveðið af yfirmanni eða framkvæmdastjóra.
- 5.4 Þjóði Arctica viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptavinum í boðsferðir skal miða við að kostnaður vegna slíks boðs sé hóflegur og í eðlilegu samræmi við eðli og umfang viðskiptasambands.

6 Þóknanir við veitingu fjárfestingarþjónustu

- 6.1 Þóknanir¹⁶ sem Arctica móttækur eða lætur af hendi til þriðja aðila í tengslum við veitingu á fjárfestingarþjónustu,¹⁷ geta verið til þess fallnar að valda hagsmunaárekstrum í starfsemi Arctica.
- 6.2 Arctica er óheimilt að greiða þóknanir til, eða taka við slíkum greiðslum frá, þriðja aðila, í tengslum við veitingu fjárfestingarþjónustu, nema eftirfarandi skilyrði séu öll uppfyllt:¹⁸
- a Greiðslan er til þess fallin að auka gæði þjónustu við viðskiptavin. Greiðsla telst til þess fallin að auka gæði þjónustu ef öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:
 - i Greiðslan er í hlutfallslegu samræmi við aukna þjónustu.
 - ii Arctica, starfsmenn þess eða hluthafar hafa ekki beinan ávinning af greiðslunni nema hún hafi einnig í för með sér áþreifanlegan ávinning fyrir viðskiptavin.
 - iii Sé greiðslan viðvarandi skal ávinningur fyrir viðskiptavin einnig vera viðvarandi og viðskiptavinur skal jafnframt upplýstur árlega um slíkar greiðslur.
 - b Greiðslan kemur ekki í veg fyrir að Arctica starfi af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í

¹⁴ Með boðsferðum er ekki átt við þær aðstæður ef starfsmanni er boðið að taka, sem maka, þátt í viðburðum eða boðsferðum á vegum vinnuveitanda maka eða vegna starfa hans.

¹⁵ T.d. námskeið, fyrirlestrar, íþróttakappleikir, listsýningar, tónleikar eða golfmót.

¹⁶ Með „þóknunum“ í reglum þessum er einnig átt við umboðslaun og annan fjárhagslegan eða ófjárhagslegan ávinning. Undir þóknanir falla ekki greiðslur sem gera Arctica kleift, eða eru nauðsynlegar vegna veitingar fjárfestingarþjónustu, s.s. vörslu-, uppgjörs- og viðskiptakostnaður, eftirlitsgjöld eða annað sem getur ekki, eðli sínu samkvæmt, hindrað Arctica í að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku þannig að það samræmist hagsmunum viðskiptavina, sbr. 4. mgr. 36. gr. MFL.

¹⁷ Með „fjárfestingarþjónustu“ í reglum þessum er átt við fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, eins og það hugtak er skilgreint í MFL. Undir fjárfestingarþjónustu falla t.d. viðskipti með fjármálagerninga, veiting fjárfestingarráðgjafar og eignastýringarþjónusta.

¹⁸ Sjá 2. og 3. mgr. 36. gr. MFL.

samræmi við hagsmuni viðskiptavinar.

- c Viðskiptavinur er, áður en þjónusta er veitt, upplýstur skilmerkilega og á skiljanlegan hátt um tilvist, eðli og fjárhæð þóknunar. Upplýsa má með almennum hætti um minniháttar ófjárhagslegan ávinning.¹⁹ Í undantekningartilvikum er heimilt að upplýsa viðskiptavin eftir á, enda sé hann þá upplýstur eins fljótt og kostur er eftir að þjónusta hefur verið veitt.

- 6.3 Þrátt fyrir grein 6.2 þá er Arctica heimilt að móttaka þóknunir frá þriðja aðila ef þeim er að fullu miðlað til viðskiptavina.
- 6.4 Óheimilt er að taka við og halda eftir þóknunum frá þriðja aðila þegar verið er að veita óháða fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu, nema um sé að ræða minni háttar ófjárhagslegan ávinning og að skilyrði greinar 6.2 sé að öðru leyti uppfyllt.²⁰

7 Eftirlit með framkvæmd reglna þessara

- 7.1 Regluvarsla annast eftirlit með framkvæmd og framfylgni reglna þessara og hefur forgöngu um túlkun þeirra.
- 7.2 Viðskiptavinir, sem og starfsmenn, skulu eiga þess kost að beina athugasemdum til regluvörslu telji þeir að félagið eða starfsmaður hafi brotið gegn reglum þessum.²¹
- 7.3 Regluvarsla skal hafa gott aðgengi að rauntímaupplýsingum vegna síns eftirlits samkvæmt reglum þessum, þ.m.t. hafa aðgengi að fundum og fundargerðum. Starfsmenn Arctica, þ. á m. framkvæmdastjóri og yfirmenn einstakra eininga, skulu tilkynna regluvörslu sérstaklega og tímalega vakni grunur um hagsmunaárekstra eða hugsanlega hagsmunaárekstra sem ekki hafa verið skilgreindir fyrirfram.
- 7.4 Ef upp koma aðstæður eða atvik er regluvörður telur að valdið geti hagsmunaárekstum sem skaðað geta hagsmuni viðskiptavina og/eða til að koma í veg fyrir tiltekna aðstæður eða atvik komi upp, þá hefur regluvörður heimild til að stöðva einstök viðskipti starfsmanna sem og til að bakfæra viðskipti starfsmanna sem þegar hafa verið framkvæmd, telji regluvörður að viðskiptin eigi ekki að eiga sér stað eða skuli ekki hafa átt að eiga sér stað. Þá hefur regluvörður heimild til að upplýsa framkvæmdastjóra og yfirmann starfsmanns um starfshætti starfsmanns sem ganga í berhögg við reglur þessar.
- 7.5 Að öðru leyti vísast til ákvæða reglna Arctica um regluvörslu um heimildir og úrræði regluvörslu.

8 Endurskoðun reglna þessara

- 8.1 Endurskoðna skal reglur þessar reglulega til að greina hvort þær séu nægilega skilvirkar í framkvæmd eða ef til koma breytingar á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem snerta efni þeira.²²
- 8.2 Komi Arctica til með að auka við þá starfsemi og þjónustu er félagið býður upp, skulu reglur þessar endurskoðaðar því til samræmis.

9 Gildistaka

- 9.1 Reglur þessar öðlast gildi að fengnu samþykki stjórnar.

Samþykkt á fundi stjórnar þann 4. október 2022.

¹⁹ Til minni háttar ófjárhagslegs ávinnings teljast m.a. I) upplýsingar um fjármálagerning eða fjárfestingarþjónustu, hvort sem er almenns eðlis eða aðlagaðar að aðstæðum tiltekins aðila, II) upplýsingar frá útgefanda, eða þriðja aðila í umboði hans, sem birt er á sama tíma öllum sem þess óska eða almenningi, III) þátttaka á ráðstefnum, fyrirlestrum og öðrum fræðsluviðburðum um ávinning og eiginleika tiltekins fjármálagernings eða fjármálaþjónustu, og IV) hófleg risna, s.s. matur og drykkur, á t.d. viðskiptafundi.

²⁰ Sjá 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. og 1. mgr. 36. gr. MFL.

²¹ Sjá lið 103 í Viðmiðunarreglum EBA.

²² Sjá 5. mgr. 34. gr. reglugerðar ESB 2017/565.